

Reykjavík 15. mars 2015.

Greinargerð ráðgjafarhóps biskups

Með bréfi dags. 14. maí 2014, fól biskup Íslands okkur undirrituðum, Óskari Magnússyni, formanni, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Svönu Helen Björnsdóttur að sitja í ráðgjafarhópi sem hefði það verkefni „ að fjalla um hlunnindi kirkjujarða og prestsetra, aukagreiðslur presta og annarra starfsmanna sókna og kirkju.“

Skyldi ráðgjafarhópurinn vera biskupi til ráðgjafar, taka saman greinargerð um núverandi stöðu og eftir atvikum gera tillögur til biskups, um það sem hópurinn teldi að betur mætti fara.

Ráðgjafarhópurinn hóf þegar gagnaöflun og ritaði 5. júní 2014 bréf til verkefnastjóra fasteignamála með ósk um upplýsingar um hlunnindi þ.e. veiðihlunnindi, hlunnindi tengd búrekstri og önnur hlunnindi sem máli skiptu. Þá var óskað eftir upplýsingum um grundvöll hlunnindanna; hvort þau byggðust á haldsbréfi, sérstökum samningi, eða öðrum heimildum.

Með bréfi til Prestafélags Íslands dags. 5. júní var óskað eftir því að félagið léti í ljós afstöðu sína til þess erindis sem ráðgjafarhópnum hefði verið falið svo ná mætti niðurstöðu sem almenn sátt gæti ríkt um.

Í framhaldi af ofangreindum bréfaskriftum átti ráðgjafarhópur biskups meðal annars fundi með ofangreindum aðilum, fékk frá þeim nýjar greinargerðir og gögn og kynnti sér eldri gögn. Þá fékk ráðgjafarhópurinn ýmsar munnlegar ábendingar frá þjónum kirkjunnar en frá upphafi var lögð áhersla á að fá fram sem flest þau sjónarmið sem uppi eru um viðfangsefnið.

Ráðgjafarhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að fjalla um úrlausnarefnið í þrennu lagi með svofelldum hætti:

II. Hlunnindi tengd búrekstri.

III. Hlunnindi með takmörkuðu vinnuframlagi.

Verður nú gerð grein fyrir hverjum þessara þátta.

II. Hlunnindi tengd búrekstri.

1. Ákvæði ábúðarlaga nr. 80/2004 gilda almennt um jarðaaftnot presta. Þeir eru jafnan ábúendur jarðanna í skilningi laganna. Í því felst að þeir njóta sömu réttinda og aðrir ábúendur, þ.e. leiguliðaaftnota sbr. 10. gr. laganna. Hér er um að ræða full aftotaumráð þeirra nytja sem jörðin sjálf gefur af sér ásamt ræktun, mannvirkjum, greiðslumarki og hlunnindum. Heimilt er að semja um ríkari eða rýrari hlut ábúanda.

2. Í 11. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, er sérstaklega tilgreint að prestssetri tilheyri prestsetursjörð mannvirki og hlunnindi og í 15. gr. að prestur njóti arðs og hlunninda samkvæmt ákvæðum í haldsbréfi.
3. Í 23. gr. ofangreindra starfsreglna er að finna undantekningu hvað varðar þau hlunnindi „...sem ekki eru talin krefjast sérstaks vinnuframlags.“ Um þau hlunnindi verður fjallað í III. kafla hér á eftir undir fyrirsögninni: „Hlunnindi með takmörkuðu vinnuframlagi.“

Hlunnindi tengd búrekstri. Niðurstaða.

Þau hlunnindi sem tengjast búrekstri krefjast oftast verulegs vinnuframlags af hálfu presta. Dúntekja krefst til dæmis afar mikillar fyrirhafnar og natni ef unnt á að vera að fényta hana. Sauðfjárbúskap verður ekki sinnt fyrirhafnarlaust, hvorki sauðburði, fjallskilum, heyskap, viðhaldi girðinga né öllu því öðru sem hefðbundnum sauðfjárbúskap fylgir. Gildir þá einu hvort prestur kys að semja við nágrannabændur um þátttöku í búskapnum gegn einhvers konar þóknun. Jörðin er á ábyrgð prestsins sem ber að skila henni í viðlíka ástandi og hún var í þegar hann hóf ábúð.

Greiðslumark og aðrar tekjur af hlunnindum sem tengd eru búrekstri eru mismunandi eftir jörðum og eflaust tekst ábúendum misvel upp í búskap sínum. Ekki hefur ráðgjafarhópurinn í störfum sínum komið auga á tilvik þar sem tekjurnar eru óhóflegar eða úr samhengi við það vinnuframlag sem til þarf að koma.

Búast má við að í tímans rás muni breyting á búskaparháttum leiða til þess að minni háttar landbúnaður presta leggist af en ekki verður séð að tilefni sé til þess að grípa inn í þá þróun. Annað fyrirkomulag, svo sem miðstýrð útleiga á jörðum, kallar á umstang, nýjan kostnað, eftirlit og óvissu um árangur. Ráðgjafarhópurinn telur því skynsamlegast að búskapur á prestsetursjörðum sé áfram á höndum prestanna. Þeir haldi áfram að vera gæslumenn jarðanna eins og þeir hafa lengstum verið og sú ábyrgð hvíli áfram á þeim að viðhalda jörðunum með arði af búskapnum.

Kjósi nýr prestur að stunda ekki búrekstur er lagt til að leyst verði úr slíkum tilvikum hverju fyrir sig með því að auglýsa jarðarnyt í heimasveit.

III. Hlunnindi með takmörkuðu vinnuframlagi.

1. Um þessi hlunnindi gildir sérregla í 23. gr. starfsreglna um prestssetur. Reglan gerir ráð fyrir að prestur njóti hlunnindatekna allt að kr. 600.000 á ári (miðað við vísitölu 2010) en næstu kr. 600.000 renni óskiptar í kirkjumálasjóð. Eftir það skiptast tekjurnar jafnt á milli kirkjumálasjóðs og prests.

2. Veiðihlunnindi eru algengasta tegund hlunninda í þessum flokki. Fjárhæðir eru mjög mismunandi, allt frá nokkrum tugum þúsunda og til milljóna króna. Þessi hlunnindi hafa sætt mestri gagnrýni. Bent hefur verið á að óeðlilegt sé að tilteknir opinberir embættismenn njóti slíks ávinnings án nægilegs samhengis við starf sitt. Þá hefur einnig komið fram að slík hlunnindi skekki stöðu presta innbyrðis svo ósanngjarnt sé. Rétt er að geta þess að í undantekningartilvikum hafa prestar átt drjúgan þátt í uppbyggingu veiðihlunninda og því hefur verið sanngjarnt að þeir nytu arðs af þeim um nokkurt skeið.
Á undanförnum árum hafa kjör ýmissa embættismanna, sem tóku mið af afkomu eða tilviljanakenndum árangri, ekki verið talin samrýmast nútíma sjónarmiðum um jafnræði og sanngirni. Þau hafa því verið aflögð. Þannig var til dæmis tenging fógeta og sýslumanna við innheimtuhlutfall afnumin fyrir áratugum.
3. Ábúendur prestssetursjarða hafa talið að önnur tilviljanakennd hlunnindi en veiðihlunnindi tilheyri einnig leiguliðaafnotunum. Þar er um að ræða greiðslur svo sem vegna landleigu, lóðaleigu eða bótagreiðslur í tengslum við virkjanaframkvæmdir. Greiðslur af þessu tagi geta numið háum fjárhæðum.

Hlunnindi með takmörkuðu vinnuframlagi. Niðurstaða.

Ráðgjafarhópur biskups telur að þessi tegund hlunnindagreiðslna sé barn síns tíma og eigi ekki við lengur. Greiðslurnar byggja ekki á sanngirnissjónarmiðum og eru úr takti við aðra umbun á vegum opinberra aðila. Því er lagt til að þær verði afnumdar.

Til grundvallar greiðslum þessum liggja ákvæði ábúðarlaga, starfsreglur um prestssetur og gildandi haldsbréf á hverjum stað. Óvíst er að lagagrundvöllur sé til þess að afnema hlunnindi þessi hjá þeim prestum sem þegar njóta þeirra samkvæmt ofangreindum heimildum. Er því lagt til, að þegar laus embætti verði auglýst verði sérstaklega tekið fram að hlunnindi af þessu tagi fylgi þeim ekki.

Búast má við að gæta þurfi hagsmuna kirkjunnar að nokkru þótt umrædd hlunnindi séu oftast greiðfengin. Heppilegt er að sú hagsmunagæsla fari fram á heimaslóð. Því er lagt til að presti verði falið að gæta hagsmuna kirkjunnar og að greitt verði fyrir hana með svipuðum hætti og almennt er greitt fyrir slíka vinnu, bæði í einkageira og opinberum. Væri þar oftast um að ræða stjórnarlaun fyrir setu í stjórn veiðifélags. Fjárhæð stjórnarlauna yrði þá misjöfn eftir umfangi og tekjum en ætíð í samhengi við vinnu og ábyrgð.

Að mati ráðgjafarhópsins kemur til greina að skipta hlunnindagreiðslum þessum með sama hætti og gert er ráð fyrir í ákvæði 23. gr. starfsreglna um prestssetur en ekki á milli presta og kirkjumálasjóðs heldur á milli kirkjumálasjóðs og viðkomandi sóknar. Slík ráðstöfun mundi

Skjal þetta er stýtt útgáfa af greinargerðinni. Felld hefur verið út umfjöllun um greiðslur fyrir aukaverk presta.

styrkja sóknirnar og stuðla að einingu um ráðstöfun hlunnindanna enda eiga greiðslurnar rætur í sóknunum.

Lagt er til að greiðslur til presta vegna bóta o.þ.h. m.a. í tengslum við virkjanaframkvæmdir, lagningu háspennulína eða landleigu til langs tíma verði undanskildar í auglýsingu um embættin.

Samandregnar eru niðurstöður ráðgjafarhópsins svofelldar:

II. Ekki er rétt að hrófla við hlunnindum sem tengjast búrekstri og kalla á vinnuframlag.

III. Rétt er að afnema hlunnindi með takmörkuðu vinnuframlagi en greiða fyrir hagsmunagæslu í samræmi við vinnu og ábyrgð.

Ráðgjafarhópur biskups,

Svana Helen Björnsdóttir

Óskar Magnússon

Steinunn Valdís Óskarsdóttir